

# Vefurinn


RAFÆNN UPPLÝSINGABRUNNUR

Mars 2005 - Google og Google Scholar

Eftirfarandi lýsing miðast við að notandi hafi valið viðmót Google-leitarvélarinnar sem er á ensku. Ef íslenskt viðmót hefur verið valið er möguleiki á að breyta stillingu leitarvélarinnar með því að velja [Valmöguleikar](#), breyta stillingu í Tungumál notendaviðmóts í ensku og ýta á hnappinn Vista stillingar.

Hægt er að lesa Vefinn, með tvennum hætti. Til að kynna sér aðalatriði er lesinn texti án ramma. Til þess að fara dýpra í efnið er einnig lesinn texti innan ramma.

## Er Google öflugasta leitarvélin?




Forsíða Google leitarvélarinnar - <http://www.google.com/>

## Að leita með Google

Á forsíðu Google leitarvélarinnar er hægt að leita að vefsíðum í grunnleit (basic search) og hægt er að skilyrða leit við efni af vefnum (web), að myndum (images), í umræðuhópum (groups), efni fjölmiðla (news), leita upplýsinga um vörur (froggle) og upplýsinga um þjónustu eftir staðsetningu (local), sem er tilraunastigi (beta).

Þegar hnappurinn [more »](#) er valinn aukast möguleikar á notkun sérhæfðra leitarvéla auk annarrar þjónustu Google.




Síða með valmöguleikum sem birtist eftir að búið er að velja [more »](#) á forsíðu Google <http://www.google.com/options/index.html>


## Google Scholar leitarvél (http://scholar.google.com/)

Þegar Scholar (fræðileg þekking) er valin opnast leitar síða Google Scholar sem ætluð er til leitar að fræðilegri þekkingu á vefnum.<sup>1</sup> Nánar er fjallað um Google Scholar frá og með bls. 7.

<sup>1</sup> Vefsvæði Google. Sótt 14.2.2005. <http://scholar.google.com/scholar/about.html>



Google Directory (<http://www.google.com/dirhp>)



Google Scholar (<http://scholar.google.com/>)

Í Directory (efnisatriðaskrá) eru að finna valin vefsvæði fyrirtækja og félagasamtaka sem að stórum hluta eru bandarísk eða annarra enskumælandi landa. Því kemur ekki á óvart að leit á ensku er árangursríkari en ef leitað er á öðrum tungumálum svo sem íslensku.

Á vefnum er hægt að nálgast fleiri flokkaðar efnisatriðaskrár og meðal þeirra eru:

AltaVista Directory (<http://www.altavista.com/dir/default>)

EDinformatics (<http://www.edinformatics.com/>)

Yahoo Search Directory (<http://dir.yahoo.com/>)

## Leitaraðferðir Google leitarvélarinnar

### Leitarskipanir í grunnleit (basic search)

Mikilvægt er að velja leitarorð af vandvirkni þegar leitað er á vefnum. Bestur leitarárangur næst ef leitarorð eru lýsandi, nákvæm og afmarkandi.

Við leit ber Google leitarvélin saman leitarorð saman við orð sem eru að finna á einstaka vefsíðum. Til þess að vefsíða komi fram í leitarniðurstöðu þurfa leitarorð að vera til staðar á vefsíðu.

Google leitarvélin leitar í raun ekki á vefnum heldur í gagnasafni sínu sem leitarvélmenni (crawler) hefur fundið og fært í gagnasafn Google.

Leitarvélmenni er forrit leitarvéla, skimar vefsíður og sendir upplýsingar um innihald þeirra í gagnasafn leitarvéla.

Leitarorð er eitt eða fleiri orð sem eru notuð til leitar með.

Vefsvæði er vefur útgefanda á vefnum (world wide web).

Forsíða er upphafssíða vefs (vefsvæðis).

Leitarniðurstaða er niðurstaða leitar.

Algeng tengiorð eru AND og OR og AND NOT og eru notuð til þess að þrengja (AND) og víkka (OR) leit og útiloka leitarorð (AND NOT). Tilgangur þrengdrar leitar er að afmarka leit og stuðla að nákvæmni hennar. Markmið víkkaðrar leitar er að stuðla að því að leitarniðurstaða verði fjölbreytileg.

Óvirk leitarorð eru leitarorð sem Google leitarvélín skilur ekki í leit. Í stýfðri leit er leitað að vefsíðum þar sem ólíkar endingar orðstofns eru.

### Vefsíðum í leitarniðurstöðu raðað eftir vægi

Þegar Google birtir leitarniðurstöðu raðar hún vefsíðum eftir mikilvægi (page ranking). Vefsíður sem Google telur vera mikilvægastar raðast fyrst. Til grundvallar röðuninni er fjöldi annarra vefsíðna sem vísa með krækju á tiltekna vefsíðu.

Google leitarvélín skilgreinir fjölda tengla á vefsíðu sem vísbendingu um mikilvægi og vera til vitnis um gæði. Hér hafa þó ekki allar vefsíður sama vægi því að Google metur sumar vefsíður (eða vefsvæði) mikilvægari en aðrar. Vefsíða sem bókasafn mikilsverðs háskóla vísar til með krækju vegur þyngra en tenging nemanda á grunnskólástigi.

### HÁ- og lágstafir

Það skiptir ekki máli í Google-leitum hvort notaðir eru HÁ- eða lágstafir.

Eftirfarandi rithættir eru jafngildir:

“halldór ásgrímsson”    “Halldór Ásgrímsson”    “hAlldÓr ÁsGrÍmSson”

### Víkkuð leit

Þegar notuð eru tvö eða fleiri leitarorð með tengiorðinu **OR** á milli þeirra er verið að víkka út leit. Google skilur tengiorðið **OR** einungis ef það er ritað í HÁSTÖFUM.

Dæmi um víkkaða leit:

reykjavík OR akureyri

### Þrengd leit

Tengiorðið **AND** (sem algengt er að nota við leitir í leitarvélum og gagnasöfnum til þess að þrengja leit) er ekki notað í Google. Leit er þrengd í Google með því að rita leitarorð hvert á eftir öðru en nauðsynlegt er að hafa stafabil á milli þeirra.

Dæmi um þrengda leit:

education curriculum

### Röð leitarorða

Við leit með Google skiptir máli í hvaða röð leitarorð eru slegin inn í leitargluggann. Leitarorð sem standa frammar í leitarstreng fá meira vægi en þau sem á eftir fylgja.

Þrengd leit þar sem myndlistarmaðurinn Picasso er í forgrunni

Picasso Cubism

Þrengd leit þar sem myndlistarstefnan kúbismi er í forgrunni en listamaðurinn Picasso er ekki aðalatriðið.

Cubism Picasso

## Óvirk leitarorð (stop words)

Nokkur algeng ensk orð eru óvirk sem leitarorð.

Óvirk leitarorð

a, about, an, are, as, at, be, by, for, from, how, in, is, it, of, on, or, that, the, this, to, was, what, when, where, who, why, will og with.

Þrátt fyrir að þessi orð séu óvirk er hægt að leita með þeim ef farið er rétt að. Þannig eru óvirk leitarorð leitarhæf ef þau eru hluti af orðasambandsleit (phrase searching). Einnig er hægt að virkja óvirk leitarorð með því að setja plústákn (+) fyrir framan þau í leitarstreng.

## Notkun plús táknsins ( + ) í leit

Með því að bæta plús-tákni ( + ) fyrir framan óvirkt leitarorð er það gert virkt.

Dæmi um leit með plús-tákni fyrir framan óvirkt leitarorð:

+to +be +or +not +to +be

Það á að vera stafabil fyrir framan plústáknið. Milli plústáknsins og óvirka leitarorðsins á ekki að vera bil.

## Orðasambandsleit (phrase searching)

Í orðasambandsleit eru hafðar enskar gæsalappir ( “ “ ).

Dæmi um orðasambandsleit

“to be or not to be”

## Að losna við orð í leit

Orð geta haft fleiri en eina merkingu. Þegar leitað er með slíkum orðum er viðbúið að í leitarniðurstöðu raðist vefsíður á efnissviðum sem ekki er áhugi fyrir. Með því að bæta mínusmerki ( - ) fyrir framan orð, sem ekki á að leita með, er hægt að útiloka slíkt.

Útilokun á leitarorð í tiltekinni merkingu

bass -music

## Stýfð leit ekki möguleg í Google

Í Google er ekki hægt að framkvæma stýfða leit (truncation). Ef ætlunin er að leita að mörgum orðmyndum leitarorðs (orðstofn og viðskeyti þess t.d. eintölu- eða fleirtölumyndir) þarf að rita viðkomandi orðmyndir sérstaklega í leitargluggann.

Leitað að vefsíðum þar sem ýmsar orðmyndir *child* er að finna.

child OR children OR children ´s

### Samheitleit með táknu tilda ( ~ ) (tilda searching)

Hægt er að víkka leit með því að leita samtímis að vefsíðum þar sem orð sömu merkingar koma einnig fyrir. Í samheitleit er táknið tilda (~) staðsett á undan leitarorði.

Samheitleit

~fun

Í leitarniðurstöðu kemur fram að vefsíður með orðunum; *humor* og *jokes* hafa einnig fundist.

### Leitað eftir útgefanda

Hægt er að þrengja leit eftir einkenni veffangs svo sem eftir því hvort útgefandi (publisher) er menntastofnun (.edu), fyrirtæki (.com) eða félagssamtök (.org).

Leitað að heimildum um menntun (education) á vefsvæðum menntastofnanna:

education site:.edu

Leitað að heimildum um menntun (education) á vefsvæðum félagssamtaka:

education site:.org

### Leit á vefsvæði

Hægt er að leita ákveðins efnis innan tiltekna vefsvæðis. Þessi möguleiki kemur að notum þegar vitað er að upplýsingar eru að finna innan vefs en leitandinn hefur gleymt á hvaða síðu vefsins upplýsingarnar eru að finna. Þessi gerð leitar vísar einnig á vefsíður sem hafa krækjur á vefsvæðið.

Leit á vefsvæði:

"internet search engines":www.hi.is/~anne/

### Földi krækja á vefsíðu

Google leitarvélin býður upp á að kanna fjölda vefsíðna sem vísa til tiltekinnar vefsíðu.

Athugun á fjölda krækja á tiltekna vefsíðu

#### [Radical Pedagogy: Index](#)

Current Issue. Archives. Submission Criteria. Editorial Board. Copyright. Affiliates and Sponsors. Call for Papers. Site Statistics. \*Donations. Produced by ICAAP  
[radicalpedagogy.icaap.org/](http://radicalpedagogy.icaap.org/) - 2k - 22 Jan 2005 - [Cached](#) - [Similar pages](#)

Vefsíðan er opnuð og vefslóð hennar er *afrituð* (copy); <http://radicalpedagogy.icaap.org/>

Leitargluggi Google er opnaður, slegið inn: link: og vefslóðin sem afrituð var er límd (paste) inn ...

link:<http://radicalpedagogy.icaap.org/>


... og músinni smellt á *leitarhnappinn* (search) . Fram kemur að 109 síður hafa tengst þessari vefsíðu með tengli.

## Ítarleit

Þegar smellt er á textatengillinn [Advanced Search](#) opnast síða ítarleitar (advanced search). Leiðbeiningar fyrir ítarleit opnast textatengillinn [Advanced Search Tips](#) er valinn.<sup>2</sup>

Á vefsvæði Google er hægt að nálgast yfirlit um hvernig lesið er úr leitarniðurstöðu. Slóðin er: <http://www.google.com/help/interpret.html>

# Google Scholar leitarvél



Forsíða Google Scholar leitarvélarinnar og leitargluggi fyrir grunnleit (basic search)

## Google Scholar leitarvél (<http://scholar.google.com/>)

Á síðari hluta árs 2004 var Google Scholar (GS) leitarvél kynnt en hún er sniðin til leitar að fræðilegu efni á vefnum.<sup>3</sup> Með GS er m.a. hægt að leita í bókum, lokaverkefnum, ritrýndum tímaritum, óbirtu efni (preprints) og útdráttum auk efnis af einstökum síðum á vefnum.<sup>4</sup>

Google Scholar er ekki eina sérhæfða leitarvél fyrir fræðilegt efni

The Educator's Reference Desk <http://www.eduref.org/> (upplýsingavefur á svið menntamála)

HighWire Press <http://www.scirus.com/srsapp/> (ritrýnd tímarit fræðafélaga)

Scirus <http://www.scirus.com/srsapp/> (sérhæfð leitarvél fyrir fræðilegt efni)

SOSIG <http://www.sosig.ac.uk/> (upplýsingagátt m.a. á sviði félagsvísinda)

Project Muse <http://muse.jhu.edu/> (gagnagrunnur m.a. á sviði mennta og menningar)

Google fyrirtækið hefur gert samninga við útgefendur fræðilegs efnis á vefnum og fengið að fara með leitarvélmenni í gagnagrunna og safnað bókfræðilegum upplýsingum. Í mörgum tilfellum er um að ræða aðgangsstýrð gagnasöfn sem eru lokuð öðrum en áskrifendum.

<sup>2</sup> Vefsvæði Google. Sótt 14.2.2005. <http://www.google.com/>

<sup>3</sup> Vefsvæði The Scientist. Sótt 10. febrúar 2005. <http://www.biomedcentral.com/news/20041215/02>

<sup>4</sup> Vefsvæði Google Scholar. Sótt 22. febrúar 2005. <http://scholar.google.com/scholar/about.html#about>

Hægt er að kanna fjölda gagna frá gagnasöfnum

Athugun á fjölda gagna frá Blackwell-Synergi gagnasafninu

site:blackwell-synergy.com

Í GS er hægt að fá upplýsingar um 53.400 gögn frá Blackwell. Á vefsvæði útgefandans fást upplýsingar um að fjöldi gagna í gagnagrunninum er 462.224.<sup>5</sup>

Athugun á fjölda gagna frá Ingenta gagnasafninu

site:ingenta.com

Í GS er hægt að fá upplýsingar um 128.000 gögn frá Ingenta en samkvæmt tölum af vefsvæði útgefanda er fjöldi gagna 17.729.873.<sup>6</sup>

Fundið hefur verið að því að Google leitarvélafyrirtækið hafi ekki skilgreint hugtakið "scholar" og hver er mælikvarði þess hvað telst vera fræðilegt efni.<sup>7</sup>

Í leitarniðurstöðu koma bókfræðilegar upplýsingar og upplýsingar um form svo sem hvort um eru að ræða bækur, greinar eða pdf-skjöl, hvort altextuð útgáfa er aðgengileg, hvar hægt er að nálgast heimildir s.s. í bókasöfnum, gagnagrunnum eða á vefsvæðum. Einnig eru upplýsingar um hversu oft hefur verið vitnað í rit ([Cited by X](#)). Ef valinn er tengillinn [Web Search](#) birtist vefgluggi þar sem vísað er hvar efnið birtist eða á annað efni eftir höfund(a).

Dæmi um leitarniðurstöðu

[CITATION] ... to infuse into the secondary school: Complexities of **curriculum**, **pedagogy**, and school culture

DG O'Brien, RA Stewart, EB Moje - [Cited by 6](#) - [Web Search](#)  
Reading Research Quarterly, 1995

[BOOK] Toward a Caring **Curriculum**: A New **Pedagogy** for Nursing

EO Bevis, J Watson - [Cited by 40](#) - [Library Search](#) - [Web Search](#)

Toward a caring **curriculum** : a new **pedagogy** for nursing • By: Em Olivia Bevis ; Jean Watson • Publisher: New York, NY : National League for Nursing, ©1989 ...

New York: National League for Nursing, 1989 - [ncbi.nlm.nih.gov](#)

[PDF] ... the history and philosophy of science on the **curriculum**: A model for the development of **pedagogy**

M Monk, J Osborne - [Cited by 28](#) - [Web Search](#)

... because the history of attempts to radically alter the science **curriculum** is a ... by the gradualist route and the development of models of **pedagogy** that address ...

Science Education, 1997 - [doi.wiley.com](#) - [doi.wiley.com](#)

<sup>5</sup> Vefsvæði Blackwell-Synergy. Sótt 10. febrúar 2005. <http://www.blackwell-synergy.com/servlet/useragent?func=showHome>

<sup>6</sup> Vefsvæði IngentaConnect. Sótt 11. febrúar 2005. <http://www.ingentaconnect.com/>

<sup>7</sup> Vefsvæði Stanford School of Medicine. Sótt 27. janúar 2005. <http://lane.stanford.edu/howto/index.html?id= 169>



# Leitaraðferðir í Google Scholar

## Leitarskipanir í GS

Leitarskipanir Google leitarvélarinnar gilda að mestu fyrir leit í Google Scholar en tvær undantekningar eru á þessu.

Samheital leit með táknuinu tilda (~) virkar ekki. Sjá nánar um samheital leit á bls. 6.

Leit á vefsvæðum er ekki virk í GS leitarvélinni. Sjá nánar um leit á vefsvæðum á bls. 6.

## Höfundarleit

GS býður upp á að leita að efni eftir höfundi.

Dæmi um höfundarleit

Leitað er að efni eftir höfund sem heitir Laurel Anne Clyde. Hafa verður í huga að margir einstaklingar geta heitið *Clyde* hvort sem um er að ræða að skírnarnafni eða ættarnafni.

author:clyde

Höfundarleit vísar á 45 gögn þar sem höfundur er Clyde.


Tilvalið er að þrengja höfundarleitina. Í GS er höfundarleit þrengd með því að bæta upphafsstaf (eða upphafsstófum) framan við við ættarnafn og nota enskar gæsalappir. Hefðir útgefenda hvernig höfunda er getið eru mismunandi (s.s A. Clyde, Anne Clyde, L. A. Clyde, Laurel A. Clyde, Laurel Anne Clyde og L. Anne Clyde).

Ef ætlunin er að leita ítarlega að efni eftir ákveðinn höfund getur reynst vel að gera ráð fyrir mismunandi myndum á höfundarheiti t.d..

author:"a clyde"      author:"anne clyde"      author:"la clyde"    ... og svo framvegis

## Ítarleit í Google Scholar

Þegar textatengilinn [Advanced Scholar Search](#) er valinn opnast vefsíða ítarleitar (advanced scholar search).



Ítarleit í Google Scholar

Í ítarleit er mögulegt að leita að vefsíðum þar sem öll leitarorð koma fyrir (with all of the words), ákveðin setning kemur fyrir (with the exact phrase) og valin leitarorð útilokuð (without the words).

Þá er boðið upp á að leita að höfundum (author), eftir ritum (publication) og útgáfutíma (date).

Hægt er að nálgast leiðbeiningar um ítarleit með því að smella á textatengilinn [Advanced Search Tips](#) sem er í efra hægra horni.

---

## Niðurstaða: Er Google öflugasta leitarvélin?

Google er ein vinsælasta leitarvélin og eru um 8 milljarðar vefsíðna leitarbærar með henni.<sup>8</sup> Ekki er hægt að halda því fram að ein leitarvél sé öðrum fremri þar sem forsendur leita eru ólíkar. Kostir og gallar leitarvéla eru einnig mismunandi. Leitarvélar taka stöðugum breytingum þar sem eigendur þeirra aðlaga þær að þörfum notenda og þróun vefsins. Ekki er mælt með því að einskorða leit að fræðilegu efni á vefnum við eina tiltekna leitarvél. Þá er ekki hægt að ætla að með einni leitarvél sé hægt að fínkempa vefinn að fróðleik.

Mælt er með því að afla gagna af vefnum með fjölbreyttu úrvali upplýsingaveitna s.s. gagnasafna, bókaskráa bókasafna, tímaritaskráa, leitarvéla, efnisatriðaskráa, upplýsingavefja og uppflettirita.

Anmarkar Google Scholar eru nokkrir en ætla má að með tímanum þróist leitarvélin frekar. Mælt er með því að fræðimenn og nemendur kynni sér Google Scholar og beiti henni við öflun fræðilegs efnis á vefnum. Ekki er hægt að ætla að með GS finnist allt fræðilegt efni sem gefið er út á vefnum. Hafa verður í huga að fjölmargir aðrir leitarkostir bjóðast.

### Gagnasöfn

Íslenskt fræðasamfélag býr vel að Landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, (<http://hvar.is/>). Frá vefsvæði Hvar.is er hægt að nálgast fræðiefni á fjölmörgum efnissviðum. Dæmi um gagnasöfn eru: ProQuest, SpringerLink (öll rit Kluwer eru nú aðgengileg hjá Springer Link), Science Direct, Blackwell Synergy og Web of Science.

Gagnasafnið SourceOECD (aðgengilegt frá vefsíðunni Rafræn gögn á vefsvæði safns Menntasmiðju KHÍ, <http://www.khi.is/>) er öflugt á sviði mennta- og fræðslumála.

### Bókaskrár bókasafna

Gegnir, samskrá íslenskra bókasafna, (<http://www.google.com/>)  
BIBSYS, bókaskrá norska Landsbókasafnsins (Nasjonalbiblioteket) (<http://www.bibsys.no/>)  
DPB, bókaskrá bókasafns danska kennaraháskólans (Danmarks Pædagogiske Bibliotek) (<http://www.dpb.dpu.dk/site.asp?p=29>)  
Library of Congress Online Catalog, bókaskrá bandaríska þingsins (Library of Congress) (<http://catalog.loc.gov/>)  
LIBRIS, sænska þjóðarbókaskráin (Den Nationella Biblioteksdatasystemet) (<http://www.libris.kb.se/index.jsp>)  
REX, bókaskrá hins konunglega danska bókasafns (Det Kongelige Bibliotek) ([https://rex.kb.dk/F/X7X8SVM1JH5FG4ECMJ48BC7UQG7C54C4J4KYIELTTV5FGNALGH-29265?func=file&file\\_name=find-b&local\\_base=kgl01](https://rex.kb.dk/F/X7X8SVM1JH5FG4ECMJ48BC7UQG7C54C4J4KYIELTTV5FGNALGH-29265?func=file&file_name=find-b&local_base=kgl01))

---

<sup>8</sup> Vefsvæði Google Inc.. Sótt 25.2.2005. <http://www.google.com/technology/whyyuse.html>

#### Norrænar tímaritaskrár

Artikelbasen, gagnasafn danskra tímaritsgreina (<http://130.226.206.5/is/art/>)

Artikeldatabas, gagnasafn sænskra tímaritsgreina (<http://websok.libris.kb.se/websearch/form?type=art>)

Norart, gagnasafn norskra tímaritsgreina (<http://www.nb.no/baser/norart/>)

#### Leitarvélar

A9 (<http://a9.com/>), AlltheWeb (<http://www.alltheweb.com/>), Gigablast (<http://gigablast.com/>), Google (<http://www.google.com/>), HotBot (<http://www.hotbot.com/>), Lycos (<http://www.lycos.com/>), MSN Search (<http://www.msn.com/>), Teoma (<http://www.teoma.com/>), Yahoo (<http://www.yahoo.com/>), WebCrawler (<http://webcrawler.com/>) og Wisenut (<http://wisenut.com/>).

#### Meta leitarvélar

Clusty (<http://clusty.com/>), Dogpile (<http://dogpile.com/>), Ixquick (<http://www.ixquick.com/>), Mamma (<http://mamma.com/>), Metacrawler (<http://www.metacrawler.com/>), ProFusion (<http://www.profusion.com/index.htm>), SurfWax (<http://www.surfwax.com/>) og Vivisimo (<http://vivisimo.com/>).

#### Efnisatriðaskrár

Academic Info (<http://www.academicinfo.net/>), dmoz Open Directory Project (<http://dmoz.org/>), ED.gov (<http://wdcrobcop01.ed.gov/Programs/EROD/>), The Educator's Reference desk (<http://www.eduref.org/>), Educators Resource Center (<http://www.teaching.com/edunet/>), Edulinks (<http://www.edulinks.co.uk/>), Google Directory Education (<http://directory.google.com/Top/Reference/Education/>), Infomine (<http://infomine.com/>), Librarians' Index to the Internet (<http://lii.org/search/file/edlib>), Monroe C. Gutman Library Collections (<http://www.gse.harvard.edu/library/collections/weblinks.html>) National Grid for Learning (<http://www.ngfl.gov.uk/>), Teachers Links (<http://members.aol.com/coachprieb/teacher.htm>) og Yahoo Education Directory (<http://dir.yahoo.com/Education/>).

#### Upplýsingavefir

Oft eru gagnlegar upplýsingar að finna á upplýsingavefum ýmissra stofnana, fyrirtækjum eða félaga. Dæmi um slíkar vefsíður eru: European Schoolnet ([http://www.eun.org/eun.org2/eun/en/index\\_eun.html](http://www.eun.org/eun.org2/eun/en/index_eun.html)), Heimili og skóli (<http://www.heimililogskoli.is/>), Kennarasamband Íslands (<http://www.ki.is/>), Menntagátt.is (<http://menntagatt.is/>), Námsgagnastofnun (<http://www.namsgagnastofnun.is/>), Námsmatsstofnun (<http://www.namsmat.is/>) og Skólavefurinn (<http://www.skolavefurinn.is/>).

Upplýsingar sem eru að finna í þessu vefriti úreldast með tímanum. Ábendingar um atriði sem eiga ekki lengur við eru vel þegnar og hægt að koma á framfæri í tölvupósti til [birgirbj@khi.is](mailto:birgirbj@khi.is)

#### Hjálparsíður á vefsvæði Google

About Google <http://www.google.com/about.html>

Google Help Central <http://www.google.com/help/index.html>

Google Help : Search features <http://www.google.com/help/features.html>

Google Help : Basic of Search <http://www.google.com/help/basics.html>

Google Help : Advanced Search <http://www.google.com/help/refinesearch.html>

Google Help : Search Result Page <http://www.google.com/help/interpret.html>

Google Help : Search Preferences <http://www.google.com/help/customize.html>

Hjálparsíður á vefsvæði Google Scholar

About Google Scholar <http://scholar.google.com/scholar/about.html>

Google Scholar : Advanced Scholar Search Tips <http://scholar.google.com/scholar/refinerearch.html>

Google Scholar : Scholar Preferences [http://scholar.google.com/scholar\\_preferences?prev=/](http://scholar.google.com/scholar_preferences?prev=/)

Vefurinn, rafrænn upplýsingabrunnur  
mars 2005

Birgir Björnsson  
Bókasafns- og upplýsingafræðingur  
© Safn Menntasmiðju KHÍ